

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 59. fundur haldinn 7. janúar 2008 í fundarsal Biskupsstofu.

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn þeir Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnisstjóri Kirkjugarðaráðs.

### 1. Setning fundar

Formaður setti fund kl. 13:40.

### 2. Kynning á umsóknum um styrki úr Kirkjugarðasjóði 2008

Framkvæmdastjóri kynnti umsóknirnar og sýndi myndir og uppdrætti af þeim.

Hr. Karl Sigurbjörnsson sat kynninguna. Kynnt var sérstaklega verkefni vegna traða á Keldum í vörslu Þjóðminjasafnsins, sem óskað er eftir að Kirkjugarðasjóður taki þátt í að fjármagna. Ákveðið var að fá fulltrúa Þjóðminjasafnsins á fund til að gera grein fyrir framkvæmdum á svæðinu.

### 3. Fjárhagsáætlun Kirkjugarðasjóðs fyrir árið 2008

Lögð fram og samþykkt.

### 4. Úthlutun úr Kirkjugarðasjóði vegna ársins 2008

Þórsteinn Ragnarsson vék af fundi þegar rætt var um fjárstyrk vegna

Gufuneskirkjugarðs. Kristín Huld Sigurðardóttir vék af fundi þegar rætt var um styrkumsókn Fornleifaverndar. Ákveðið var að formaður boði prófasta Árnes- og Rangárvallaprófastsdæma á næsta fund til að kanna áhuga þeirra á skráningu minningarmarka á svæðinu.

Kirkjugarðar	Úthlutun 2008	Verkefni
<b>Múlaprófastsdæmi</b>		
Eiðar	630	Bygging þjónustuhúss. 99 gjaldendur
<b>Austfjarðaprófastsdæmi</b>		
Kolfreyjustaður	670	Bygging þjónustuhúss. 474 gjaldendur
<b>Skaftafellsprófastsdæmi</b>		
Þykkvabæjarklaustur	450	Bygging þjónustuhúss. 27 gjaldendur
<b>Rangárvallaprófastsdæmi</b>		
Eyvindarhólar	450	Göngustígur og lagfæring á hleðslu
Ásólfsskáli	400	Gerð bílastæðis
Kross	200	Hlaða grjótvegg
Breiðabólstaður	200	Lagfæring á minnisvarða
Oddi	500	Ýmis verkefni
Árbær	700	Gerð bílastæðis
Marteinstunga	550	Bygging þjónustuhúss. 67 gjaldendur
<b>Árnesprófastsdæmi</b>		

Stóri-Núpur	2.100	Gagngerar endurbætur og stækkun garðs
Hruni	700	Stækkun kirkjugarðs
Miðdalur	100	Leggja bundið slitlag á bílastæði
Gaulverjabær	500	Endurhlaða vegg og leggja stétt
<b>Kjalarnesprófastsdæmi</b>		
Grindavík	2.000	Stækkun kirkjugarðs
Kirkjug. Njarðvíkur	750	Ljúka við grjóthleðslu kringum kirkjug.
Kirkjugarðar Keflavíkur	1.000	Endurbygging þjónustuhúss
Lágafellssókn	2.000	Stækkun kirkjugarðs
Reynivellir	350	Til lagfæringar kirkjugarðs
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi</b>		
Kirkjugarðar Reykjavíkur	8.000	Vegna framkvæmda
Hólavallagarður	2.000	Lokaskráning minningarmarka
<b>Borgarfjarðarprófastsdæmi</b>		
Lundur	450	Til lagfæringa og endurbóta
Húsafell	500	Ljúka við grjóthleðslu umhverfis garðinn
Hvammur	1.300	Grjóthleðsla og endurbætur
<b>Snæfellsnes- og Dalapr.</b>		
Kvennabrekka	400	Lagfæring á girðingu og garði
Hjarðarholt/Búðardalur	1.500	Frágangur bílast. og umhverfi þjónustuhúss
Hvammur í Dölum	750	Netgirðing og hleðsla umhverfis garð
Staðarfell	400	Lagfæring innan garðs og kanna hleðslu
Skarð á Skarðsströnd	300	Setja upp nýtt sáluhlið og girðingu
<b>Barðastrandarprófastsdæmi</b>		
Flatey á Breiðafirði	300	Rétta við gömul minningarmörk o.fl.
Saurbær á Rauðasandi	2.000	Ljúka gagngerum endurbótum
<b>Ísafjarðarprófastsdæmi</b>		
Mýrar	600	Endurnýja umgjörð, stækka og lagfæra.
<b>Húnavatnsprófastsdæmi</b>		
Kaldrananes	800	Greiða niður skuld og ljúka framkvæmdum
Þingeyrar	500	Þjónustuhús. Gjaldendur 95
Auðkúla	1.300	Gagngerar endurbætur á garði og bílastæði
<b>Skagafjarðarprófastsdæmi</b>		
Flugumýri	400	Fylla í hluta garðsins og endurgirða
<b>Eyjafjarðarprófastsdæmi</b>		
Bakki	500	Ganga frá undir 105 metra timburgirðingu
Kirkjug. Dalvíkurprestakalls	500	Uppsetn. girðingar á Völlum og Urðum o.fl.
Kirkjugarðar Laugalandspr. v/Saurbæjar í Eyjaf.	1.000	Hlaða umhv. garð og fjarl. steypumannv.
<b>Þingeyjarprófastsdæmi</b>		
Skinnastaður	1.200	Endurnýjun girðingar o.fl.
<b>Niðurlagðir kirkjugarðar</b>		
Ásar í Skaftártungu	600	Stöðva landbrot við kirkjugarðinn
Klausturhólar	448	Greiða niður skuld
Selárdalur	700	Hefja vinnu við snyrtingu og lagfæringar
Gamli garðurinn á Svalbarðseyri	400	Ljúka lagfæringum á garði
<b>Annað</b>		
Fornleifavernd ríkisins	750	Skráning minningarmarka í Árneprófastsdæmi
Fornleifavernd ríkisins	750	Skráning minningarmarka í Rangárvallaprófastsd.
KGSÍ v/upplýsinga, fræðslu og aðalf.	1.000	Fræðslumál og útgáfa Bautasteins
KGSÍ (In Mem) v/gagnagr.	2.500	Söfnun legstaðaskr., skráning., ítarefni o.fl.
KGSÍ v/reksturs	1.500	Aðalfundur o.fl.
<b>SAMTALS:</b>	<b>47.598</b>	

- 
- 5. Endurskoðun á einingarverði vegna greiðslu grafarkostnaðar**  
Frestað frá síðasta fundi. Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Eftirhreytum frá 2006 verði bætt við framlag ríkisins 2008 og deilt út með því fyrirkomulagi sem kynnt var á fundinum.
- 6. Tillaga um að bakfæra styrki og afskrifa skuld við Kirkjugarðasjóð**  
Guðmundur Rafn kynnti. Ríkisendurskoðun óskaði eftir að styrkir sem ekki hafa verið greiddir út yrðu bakfærðir og afskrifaðir. Sjá gögn með lista yfir garðana. Það verða afskrifaðar rúm 1,6 millj. kr. og bakfærðar 2,8 millj. kr.
- 7. Kirkjugarðar með stór ógrafin svæði**  
Hugmyndir að mótvægisáðgerðum til kirkjugarða með stór ógrafin svæði er lækkuðu umtalsvert við tilkomu nýs gjaldalíkans. Ráðið vill fá að sjá ársreikninga garðanna á Hvolsvelli undanfarin ár. Ársreikningar þriggja síðustu ára verða síðan skoðaðir og málið skoðað út frá því.
- 8. Yfirlit yfir kennitölur og bankareikninga kirkjugarða og kirkna**  
Framkvæmdastjóri kynnti. Það eru oft mörg nöfn í notkun um kirkjugarða og eins kennitölur þeirra. Á fundinum voru lagðar fram upplýsingar um garðana sem er að finna á [gardur.is](http://gardur.is). Lagt fram til kynningar.
- 9. Næsti fundur**  
Mánudag 11. febrúar kl.13:00.  
Síðan: 10. mars, 14. apríl, 19. maí, 9. júní, frí í júlí, 11. ágúst og 8. september.
- 10. Önnur mál**  
Umsókn frá Berufjarðarsókn, sem barst inn á fundinn eftir að búið var að úthluta, var ekki afgreidd og var henni vísað til næsta úthlutunarfundar.

Fundi slitið kl. 18:15.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari